

Ed.

837. Nefndarálit

[305. mál]

um frv. til l. um gjald af umboðsþóknun og gengismun vegna gjaldeyrisviðskipta.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Frumvarp þetta er annað af tveimur sem ríkisstjórnin hefur lagt fram um lækkaðar skattgreiðslur banka og annarra lánastofnana. Í þessu frumvarpi er greiðsla gjaldeyrisbanka í ríkissjóð af umboðsþóknun og gengismun lækkuð á árinu 1984 um þriðjung og veldur það tekjumissi fyrir ríkissjóð sem svarar um 30 millj. króna á þessu ári, um 60 millj. kr. tekjumissi á næsta ári og um 90 millj. kr. tekjumissi á árinu 1986 þegar gjaldið verður fellt niður.

Í öðru frv. um hliðstætt efni (306. mál) er tekjuskattur banka og innlánsstofnana lækkaður um 18 millj. kr. á þessu ári og um 160 millj. kr. á næstu tveimur árum. Þessi einkennilega gjafmildi fjármálaráðherra og ríkisstjórnar í þágu banka er óneitanlega mjög í mótsögn við fjárhagserfiðleika ríkissjóðs um þessar mundir.

Minni hl. nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ :

Í trausti þess að ríkisstjórnin láti endurskoða gildandi lög um skattskyldu innlánsstofnana og þar sem frumvarp þetta er að ýmsu leyti vanhugsað og illa undirbúið og hefur í för með sér stórfellt tap fyrir ríkissjóð ályktar deildin að taka fyrir næsta mál á dagskrá.

Stefán Benediktsson hefur setið fundi nefndarinnar og er samþykktur þessu álit.

Alþingi, 10. maí 1984.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir,
fundaskr.

Ragnar Arnalds,
frsm.

Eiður Guðnason.